

Melrakkasetur Íslands ehf

Eyrardal – Súðavík



Ársskýrsla fyrir starfsárin

2007 og 2008

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Stjórn og umsýsla	4
Stofnfélagar og hlutafé	4
Styrkir	4
Yfirlit yfir verkefni fyrsta starfsárs (frá sept 2007-des 2008):.....	6
Yfirlit yfir verkefni annars starfsárs (sept 2008-aðalfundar 7. mars 2009):.....	7
Á döfinni:.....	8
Áætlun sumarið 2009 og framhaldið	9

Ágrip

Einkahlutafélag um Melrakkasetur Íslands var stofnað í Súðavík 15. september 2007 og meðal stofnfélaga eru 42 einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög. Langtímamarkmið með stofnun félagsins eru þau að safna saman á einn stað allri þekkingu, efni og hlutum sem tengjast melrakkanum í fortíð og nútíð. Jafnframt að setja upp sýningu fyrir ferðamenn þar sem mun verða á boðstólnum fræðandi efni í máli og myndum um refi í náttúrunni, hérlendis sem erlendis, refarækt og refaveiðar. Setrið verður til húsa í Eyrardalsbænum í Súðavík, á milli gömlu og nýju byggðarinnar en endurbætur á húsinu standa nú yfir. Húsið og rekstur þess er í höndum Súðavíkurrepps en sýningin er í höndum Melrakkaseturs Íslands ehf.

Frá stofnun í september 2007 til september 2008 hefur starfsemin að mestu verið fólgin í að sækja um styrki, hanna og framkvæma verkefni samkvæmt áætlun sem lögð var fram á stofnfundinum. Okkur hefur tekist að halda nokkuð vel þeim markmiðum sem upphaflega voru áætluð og jafnvel bætt talsvert við. Melrakkasetrið er nú orðið að raunveruleika og miklar væntingar gerðar til þess, bæði meðal heimamanna og aðila úr ferðaþjónustunni.

Vegna húsnæðisleysis hefur áhersla verið lögð á gagnaöflun, rannsóknir og heimasíðu en nú verður vonandi ekki langt í að hægt verði að byrja með undirbúning sýningarinnar í Eyrardal og stefnt er að því koma upp skrifstofuaðstöðu í húsinu eins fljótt og auðið er. Þar sem ástandið í þjóðfélaginu breyttist mjög og takmarkaði aðgang að fjármagni til áframhaldandi endurbyggingar bæjarins, er stefnt að því að opna sýninguna þó svo að framkvæmdum verði ekki að fullu lokið.

Ég þakka traustið undanfarið starfsár og óska þess að fá tækifæri til að halda áfram uppbyggingu Melrakkaseturs Íslands ehf.

Ester Rut Unnsteinsdóttir
forstöðumaður

Stjórn og umsýsla

Á stofnfundi Melrakkaseturs Íslands ehf, þann 15. september 2007, voru eftirfarandi kosnir í stjórn:

Barði Ingibjartsson, Dagbjört Hjaltadóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Ómar Már Jónsson og Þorleifur Ágústsson.

Til vara: Böðvar Þórisson

Endurskoðun: Guðmundur Kjartansson, Löggiltir endurskoðendur ehf.

Stjórn skipti með sér verkum þannig að Ómar Már Jónsson var kosinn formaður stjórnar og Ester ritari. Haldnir voru 5 stjórnarfundir á starfsárunum 2007 og 2008 en jafnframt voru haldnir nokkrir óformlegir fundir þegar þess þurfti.

Bókhald og almenn skrifstofustörf hafa verið unnin af Jóninu Hansdóttur á skrifstofu Súðavíkurrepps gegn reikningi.

Ester Rut Unnsteinsdóttir gegndi starfi framkvæmdastjóra frá stofnun félagsins og var ráðin í þá stöðu í eitt ár frá 1. janúar 2009.

Stofnfélagar og hlutafé

Stofnendur samkvæmt stofnfundi félagsins, þann 15. september 2007 eru samtals 43 talsins sem skrifuðu sig fyrir samtals kr. 2.110.000,- í hlutafé. Hlutafé skiptist í jafna hluti og er hver hlutur að fjárhæð tíuþúsund krónur að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Stærsti hluthafinn er Súðavíkurreppur með 1.100.000,- í hlutafé.

Samkvæmt 4.gr. samþykka félagsins er stjórn félagsins heimilt að hækka hlutafé í kr. 3.000.000,-.

Styrkir

Sótt var um styrki til starfsemi Melrakkaseturs Íslands til eftirfarandi aðila:

- Fjárlaganefndar Alþingis fyrir launum forstöðumanns fyrsta starfsárið.
- Byggðastofnun v. mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar vegna uppbyggingar í ferðamálum fyrir uppsetningu og öflun gagna á sýningu.
- Norðurslóðaáætlun Norrænu Rannsóknarnefndarinnar (NPP), tvö verkefni: 1) verkefnaheiti: Voices from the edge, 15 þátttakendur frá 5 löndum. 2) Women in small businesses, in remote coastal areas, 5 þátttakendur frá 5 löndum.
- Menningarráð Vestfjarða fyrir efni á heimasíðu og sýningu.
- Nýsköpunarsjóður, v. nemendaverkefna HÍ – 3 verkefni.
- Þjóðhátíðarsjóður Seðlabanka Íslands fyrir heimasíðu og efnisöflun.
- EBÍ styrkur Brunabótar, Fjárlaganefnd, Mótvægisáðgerðir o.fl. fyrir húsnæðinu.

Eftirfarandi styrkir voru veittir fyrir 2008:

Styrkveitandi:	Upphæð:	Verkefni:
Fjárlaganefnd Alþingis	3.000.000,-	Ráðning forstöðumanns, 2008.
Mótvægisaðgerðir Ríkisstj.	3.500.000,-	Uppsetning og efnisöflun fyrir sýningu um refinn.
Þjóðhátíðarsjóður	300.000,-	Öflun gagna og minja fyrir heimasíðu og sýningu.
Menningarráð Vestfjarða	500.000,-	Öflun gagna og framsetning fyrir heimasíðu MÍ.
Alls:	7.300.000,-	

Auk þess fékkst styrkur frá Nýsköpunarsjóði námsmanna HÍ. til ráðningar nemanda í eitt af þremur verkefnum sem sótt var um fyrir sumarið 2008. Verkefnið bar heitið „Áhrif ferðamanna á atferli refa“ og var það unnið í samstarfi við Fræðasetur HÍ. í Bolungarvík. Fjárhæðin rann til launa nemandans í 2 mánuði en F.HÍ. greiddi þriðja mánuð auk annars kostnaðar við nemandann. Melrakkasetur Íslands ehf greiddi hluta kostnaðar við ferðir vegna verkefnisins en rannsóknirnar fóru fram á Hornströndum.

ATVEST / IMPRA, stóð við bakið á Melrakkasetri Íslands og veitti dýrmæta aðstoð í formi ráðgjafar o.fl.

Yfirlit yfir verkefni fyrsta starfsárs (frá sept 2007-des 2008):

September 2007

- Unnið var að undirbúningi, greinargerð og áætlunum. Umsjón: Súðavíkurhreppur.
- Hlutafélag stofnað 15. september í félagsheimili Súðavíkur. Stofnfélagar voru 42 með hlutafé upp á 1.000 þúsund auk Súðavíkurhrepps sem stóð uppi með hlutafé að upphæð 1.100 þúsund.

Veturinn 2007-2008

- Umsóknir um fjárstyrki til ýmissa aðila, viðræður við opinbera aðila, ráðuneyti og nefndir.
- Alls fengust 7.3 milljónir í ýmsa styrki fyrir árið 2008, þar af 3 milljónir til ráðningar forstöðumanns.
- Unnið við heimasíðu, samningar gerðir við Snerpu / Snerpil um vefhönnun og hysingu.
- Hönnun og skipulag verkefna fyrir sumarið, samningar gerðir um textagerð á heimasíðu (Hólmfríður Sigbórsdóttir líffræðingur) og söfnun upplýsinga um grenjaskyttur á N-Vestfjörðum (Valdimar Gíslason sagnfræðingur).
- Skipulag og umsóknir um nýsköpunarverkefni HÍ, alls hönnuð og sótt um styrk fyrir 3 verkefni en eitt þeirra hlaut styrk: „Áhrif ferðamanna á refi“.
- Viðræður við ferðaskrifstofur sem sérhæfa sig í náttúrutengdri ferðapjónustu, áætlun og skipulag ferða á refaslóðir með leiðsögn frá MÍ. Um er að ræða Daniel Bergmann, Gavia Travel og F-stop tours. Áætlað að taka þátt í ferðum á þeirra vegum sumarið 2009.

Júní 2008

- Nýsköpunarverkefni um áhrif ferðamanna á refi á Hornströndum hafið, fyrsti hluti í Hornvík. Nemandi við HÍ. (Borgný Katrínardóttir) á launum skv samningi við Nýsköpunarsjóð HÍ. og Fræðaseturs HÍ. á Vestfjörðum (samstarf við Fræðasetur HÍ. á Bolungarvík, F-HÍ. á Húsavík – hvalir og Selasetur Íslands - selir). Verkefnið fjallar um áhrif ferðamanna á atferli villtra dýrastofna og er nauðsynlegt að afla þessara gagna til að geta útbúið fræðslupakka fyrir ferðapjónustuaðila og leiðsögumenn.
- Keypt myndavél til að taka myndir af refum og fleiru áhugaverðu, þegar unnið er við vettvangsrannsóknir og athuganir.
- Þátttaka í frönskum náttúrulefsspætti, þáttastjórnandi og kvikmyndatökumaður með í ferð á refaslóðir í Hornvík. Samstarf við Markaðsstofu Vestfjarða, Hornstrandastofu og Fræðasetur HÍ. á Vestfjörðum. Myndin var sýnd í október en þáttaröðin heitir upp á ensku: Guardians of Nature.

- Heimasíðan www.melrakkasetur.is var opnuð að viðstöddu fjölmenni í Súðavík. Í fyrstu var heimasíðan einungis á íslensku en unnið hefur verið að enskri útgáfu síðan í haust. Enska slóðin er www.arcticfoxcenter.com og netfangið melrakki@melrakki.is var virkjað. Hægt er að senda tölvupóst til setursins inn á síðunni. Melrakkasetrið fékk margar fallegar ljósmyndir til að sýna í albúmi síðunnar, til dæmis frá Daníel Bergmann, setrinu að kostnaðarlausu. Enn bætist við á síðuna, bæði myndir og annað efni.

Sumarið 2008

- Unnið var að fullu við endurbætur og uppbyggingu Eyrardalsbæjar. Umsjón: Súðavíkurreppur og teiknistofan Argos.
- Júlí: önnur lota rannsóknarverkefnisins um refi og ferðamenn, farið í Hornvík í viku. Borgný Katrínardóttir fór ein norður og gerði athuganirnar.
- Ágúst: þriðja og síðasta lota rannsóknarverkefnisins, Borgný fór í Aðalvík í viku.

Haustið 2008

- Lokaskýrsla rannsóknarverkefnis nýsköpunarsjóðs, 3 skýrslur frá sela, hvala og refahluta, púslað saman með samantekt á ensku og íslensku.
- Endurskoðun á áætlunum, uppgjör fyrsta starfsársins, horft til baka og fram á við.
- Umsóknir um fjárstyrki til ýmissa aðila, viðræður ýmsa aðila, ráðuneyti og Fjárlaganefnd. Þrátt fyrir efnahagshrun fengust 3 milljónir fyrir árið 2009 til ráðningar forstöðumanns.

Yfirlit yfir verkefni annars starfsárs (sept 2008-aðalfundar 7. mars 2009):

Veturinn 2008-2009

- Erlendar útgáfur heimasíðunnar voru virkjaðar auk þess sem bætt var inn á íslenska síðu og fréttavef haldið lifandi.
- Þátttaka á vinnufundi Wild North hópsins á Húsavík í desember, þróun að sjálfbærri náttúrulífsferðamennsku. Verkefnið var til tveggja ára og styrkt af NORA, er hálfnað og okkur bauðst að vera með seinna árið (rannsóknirnar okkar í sumar falla undir markmið Wild North). Ætlunin að þróa vottunarkerfi, vinnureglur, handbók og námskeið fyrir ferðapjónustuaðila og leiðsögumenn og stuðla að sjálfbærni þegar sýnd eru lifandi dýr. Áhugi fyrir þessu hjá Leiðsöguskólanum og Umhverfisstofnun, verkefnið getur orðið að söluhæfri vöru. Sótt um til verkefnisins til VaxVest en styrkur fékkst ekki að þessu sinni.

- Hafin eru störf við söfnun muna og annara gagna, öflun fjármagns og uppsetningu sýningar. Farið verður um sveitir og spjallað við fróða menn sem luma á ýmsum gömlum munum og frásögnum. Byrjað var hjá Kristjáni og Sigríði að Hvítanesi í Djúpi og var til nokkuð af merkjum munum þar sem hægt er að sýna og segja frá. Jóhann á Hanhóli við Bolungarvík hefur gefið hræ af mórauðum ref í vetrarfeldi til uppstoppunar, hann á líka gamla fótboga sem hann er tilbúinn að lána sýningunni.
- Rannsóknarverkefni eru í bígerð og sótt hefur verið um nokkra styrki. Dæmi: Grjótgildirur á Vestfjörðum (skráning og upplýsingaveita), menningararfur og fornminjar. Efni sem hægt er að vinna talsvert með.
- Send var umsókn um styrk vegna vörupróunar: "Arctic fox shop" – vefverslun með vörur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir Melrakkasetrið og til að selja í vefverslun, allskyns listmunir, handverk og minjagripir. Leitað var m.a. til listamanna, feldskera og handverksfólks – áætlað að hafa vefverslunina inni hjá þeim í Strandagaldri. Svo virðist sem það sé mikill áhugi fyrir slíkri vöru erlendis. Styrkur fékkst ekki til verkefnisins í þetta skiptið.
- Melrakkasetrið tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um heimskautarefinn sem haldin var í Svíþjóð í febrúar. Styrkumsókn var send til Sænsk-Íslenska samstarfssjóðsins vegna ferðarinnar (Norræna ráðherranefndin). Tengslanet var myndað við vísindamenn sem vinna við tegundina, allt umhverfis Norðurheimskautið, en 70 manns voru á ráðstefnunni. Áhugi er fyrir því að halda næstu ráðstefnu í Súðavík eftir 4 ár.
- AÐALFUNDUR Melrakkaseturs Íslands, haldinn 7. mars.

Á döfinni:

- Setja í gang samkeppni um hönnun og framleiðslu minjagripa til að selja í vefverslun: – vantar algerlega minjagripa af þessu tagi. Samkeppni vekur athygli og við fáum vonandi úrval af vörum til framleiðslu og sölu.
- Einnig þarf að láta framleiða hluti sem hægt er að byrja að selja strax í vor, t.d. boli og annað sem er einfalt og fljótlegt í framleiðslu. Skapa sölutekjur sem fyrst.
- Setja út æti í Djúpinu til að ná vetrarmyndum. Stefnt er að því að Vilhelm Gunnarsson ljósmyndari taki myndir en einnig hefur fleirum, m.a. Daniel Bergmann verið boðið að taka þátt. Þórir Sigurhansson sér um verkefnið fyrir Melrakkasetur, og mun Barði Ingibjartsson lána landið sitt að Hesti fyrir verkefnið. Kvikmyndagerðarmenn frá Þýskalandi hafa boðað komu sína í mars nk. til að filma melrakka, og verður farið með þá á svæðið sem notað var í vetrarmyndatökuna. Jafnframt er ætlunin að þeir komi aftur á grenjatíma og filmi, og er þá stefnt að því að fara með þá á Hornstrandir. Þeir

eru að gera kvikmynd um ár í lífi melrakka og munum við aðstoða þá eftir bestu getu og fáum væntanlega góða umfjöllun auk aðgangs að myndinni. Samstarf við tófuskyttur í þessu samhengi er vænlegt.

- Sækja um til menningarráðs, m.a. fyrir leikverkefni með Kómedíuleikhúsinu en Elvar Logi hefur lýst áhuga á að búa til leikverk fyrir setrið. Einnig verður sótt um styrk vegna grjótgildruverkefnisins.
- Wild North hópurinn ætlar að sækja um styrk til 4 ára til Norðurslóðaáætlunar (NPP) og við verðum með í þeirri umsókn. Felst í því að taka þátt í og halda námskeið og vinnufundi auk þess sem framlag okkar í rannsóknum á viðbrögðum refa við ferðamönnum fellur að markmiðum WN um sjálfbærni í náttúruulífsferðamennsku (Wildlife tourism). Samstarfsaðilar Melrakkaseturs á Vestfjörðum eru Fræðasetur HÍ. í Bolungarvík, Náttúrustofa Vestfjarða, Vesturferðir og Borea Adventures.
- Markaðsvinna, þarf að fara á fullt í markaðsvinnu. Leita ráðgjafar til Impru og Atvest (námskeið í bígerð síðla vetrar) auk Markaðsstofu Vestfjarða. Jafnframt verður athugað með möguleika með markaðssetningu á Facebook.
- Áframhaldandi endurbygging Eyrardalsbæjar, en ljúka þarf lagnavinnu til að Melrakkasetur geti flutt inn og byrjað að athafna sig. Umsjón: Súðavíkurreppur

Áætlun sumarið 2009 og framhaldið

- Grjótgildruverkefni hafið, ef styrkur fæst verður ráðið í tímabundna stöðu til að fara um sveitir Vestfjarða til að finna og staðsetja grjótgildrur, kanna mögulegan aldur og sögu þeirra og merkja valdar gildrur með skiltum. Veita upplýsingar til ferðapjónustuaðila og sveitarfélaga um þær gildrur sem finnast í þeirra umdæmi. Ef ekki fæst styrkur, verður farið í verkefnið smátt og smátt með lágmarkskostnaði.
- Leiðsöguverkefni fyrir ferðaskrifstofur, ein ferð á áætlun í júlí (F-stop), tveimur frestað til næsta sumars (2010): Gavia Travel og Daniel Bergmann.
- Rannsóknarverkefninu "áhrif ferðamanna á atferli refa" verður haldið áfram, farið á Hornstrandir í viku í júní, júlí og líklega ágúst. Leitast við að halda kostnaði í lágmarki vegna þess að ekki hefur fengist styrkur í verkefnið. Ester Unnsteinsdóttir, Þórir Sigurhansson og sjálfbóðaliðar sinna rannsóknunum. Nota ferðirnar til að meta hlutfall grenja í ábúð, verkefni sem hefur verið unnið af Ester og Þóri í samstarfi við NAVE og HÍ í nokkur ár.
- Unnið að handbók með leiðbeiningum um hvað reglur gilda og hvernig á að haga sér þegar sýna á villta refi og önnur dýr. Taka þátt í þróun námskeiða og leiðbeinandi

fræðsluefnis fyrir leiðsögumenn. Fellur undir markmið Wild North og er söluhæft þjónustuverkefni.

- Hanna rannsóknarverkefni sem sótt verður um styrki fyrir í samstarfi við HÍ. og NAVE. Athuga hvort hægt sé að setja upp aðstöðu til að taka þátt í verkefnum við krufningar og hausasuðu (hausar soðnir til mælinga á beinum og aldursgreiningar) en refir af öllu landinu hafa verið verkaðir hjá Náttúrufræðistofnun Háskóla Íslands. Einnig má athuga hvort hægt verði að nota sameindaaðferðir til að kanna útbreiðslu, ætterni og fleira úr refaskít (aðferð sem hefur verið þróuð í Svíþjóð). Einnig væri gagnlegt að setja í gang verkefni þar sem notast er við myndavélar við æti til að athuga fjölda dýra og tímasetningar ferða (vetrarlíffræði lítið þekkt). Myndir og upplýsingar úr myndavélum nýtast áfram á sýningunni. Samstarf við grenjaskyttur er æskilegt í öllum verkefnum og væri gagnlegt fyrir báða aðila.
- Áframhaldandi upplýsingaöflun fyrir sýningu og heimasíðu – sagnfræði, mannfræði, þjóðfræði. Nemendaverkefni væru æskileg vegna þess hvað þau ganga hratt fyrir sig og rekstrarkostnaður lágur.
- Verklok við útiverkefni í Eyrardal, þarf að gera klárt fyrir bílastæði og snyrta lóð. Umsjón: Súðavíkurhreppur
- Húsnæðið innandyra gert klárt undir sýningu, lagnir og rafmagn, loka veggjum og gólfi á neðri hæð – salerni og ofnar. Umsjón: Súðavíkurhreppur, teiknistofan Argos.

Áætlun haustið 2009

- Unnið við hönnun og uppsetningu á sýningunni í Eyrardal. Hönnun og prentun veggspjalda, myndefnis og röðun/merking muna - uppsetning.
- Vinnufundur (workshop) fræðimanna á sviði heimskautarefa. ræddir möguleikar á sameiginlegum rannsóknum íslenskra og erlendra vísindamanna. Tengslanet sem hefur orðið til á alþjóðlegri refaráðstefnu veturinn áður. Fundurinn gæti frestast um eitt ár vegna þess hve stutt er síðan hópurinn hittist á ráðstefnu.

Áætlun veturinn 2009-2010

- Úrvinnsla gagna frá sumarrannsóknum, skýrslugerðir, haustverkefni, t.d. ef um radióhálsbönd er að ræða eða annað sem heldur áfram frá sumrinu.
- Unnið að undirbúningi sýningar og lokahönd lögð á skipulag og uppsetningu. Jafnframt verði unnið að styrkumsóknum, áætlunargerð og skipulagningu frekari verkefna.

Áætlun vorið 2010

- **Melrakkasetur Íslands opnar sýningu í Eyrardalsbænum**

Haustið 2010 verður fyrsta opnunarsumarið gert upp, áætlanir um framhaldið, styrking tekjustofna, þróun þjónustuverkefna og rannsókna.

Áætlun haustið 2013

- Að halda næstu ráðstefnu um líffræði melrakka (Arctic Fox Biology) en síðasta ráðstefna var haldin í Svíþjóð í febrúar 2009. Mikill áhugi var fyrir því að halda næstu ráðstefnu í Súðavík, þátttakendur voru 70 frá 9 löndum. Mikill fengur verður fyrir Melrakkasetrið að halda ráðstefnuna, m.a. sem gæðavottun enda eru þetta þekktustu sérfræðingar heimsins í málefnum melrakkans. Jafnframt munu ferðaþjónustuaðilar á norðanverðum Vestfjörðum njóta góðs af ef af verður því bæði er búist við að boðið sé upp á ferðir fyrir og eftir ráðstefnu auk þess sem hópurinn þarf flutninga, gistingu og fæði í allt að vikutíma.

Stjórn Melrakkaseturs Íslands ehf.

Barði Ingibjartsson
Dagbjört Hjaltadóttir
Ester Rut Unnsteinsdóttir
Ómar Már Jónsson
Þorleifur Ágústsson

Böðvar Þórisson

Ársskýrsla þessi er lögð fram á aðalfundi þann 7. mars 2009